



# Rudolf Steiner

Kenningar og aðferðir í Waldorfkennslu

Ása Sóley Karlsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed.-prófs

Kennaradeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ



**Rudolf Steiner**

***Kenningar og aðferðir í Waldorfkennslu***

Ása Sóley Karlsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í grunnskólakennarafræði

Leiðbeinandi: Halla Jónsdóttir

Kennaradeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2015

Rudolf Steiner

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed.-prófs við kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2015 Ása Sóley Karlsdóttir

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Prentsmiðja Bóksölu kennaranema

Reykjavík, Ísland, 2015

## Útdráttur

Í þessari lokaritgerð B.Ed.-gráðu í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands verður fjallað um heimspekinginn Rudolf Steiner, kenningar og aðferðir hans um uppeldi og kennslu. Í fyrri hluta ritgerðarinnar verður stiklað á stóru um ævi Rudolfs Steiner. Fjallað verður um fyrsta Waldorfskólann og hvernig mannspeki (e. anthroposophy) hefur áhrif á stefnu skólans. Fjallað verður um hugmyndafræði og kenningar Rudolfs Steiner og hvernig þær þróuðust. Í síðari hluta ritgerðarinnar verður fjallað um aðferðir og lýst kennsluháttum og lestrarkennslu í Waldorfskólum. Fjallað verður um hlutverk kennarans og hugmyndir Rudolfs Steiner um mikilvægi námstækja og umhverfis fyrir menntun barna. Markmið með þessari ritgerð er að komast að því hver Rudolf Steiner var, hvar hann fékk hugmyndir sínar um kennslu, hvað Waldorfstefna er og hvers vegna hún varð svo áhrifarík sem raun ber vitni. Niðurstöður leiddu í ljós að framlag Rudolfs Steiner til menntavísinda breytti hugarfari og viðhorfi margra til uppeldis. Hugmyndir sínar um kennsluaðferðir tvinnuði hann saman við heimspekilegan bakgrunn sinn. Megininntak stefnunnar felst í að nemendur verði skapandi, sjálfstæðir og hjartahlýir. Waldorfstefnan varð fljótt mjög vinsæl og eru margar ástæður fyrir því, þar má nefna að hún eflir sjálfstæði og félagslega færni barna.

## Efnisyfirlit

|  |           |
|--|-----------|
| Útdráttur.....   | 3         |
| Myndaskrá .....  | 5         |
| Formáli .....  | 6         |
| Inngangur.....   | 7         |
| <b>1 Rudolf Steiners- æviágrip.....</b>                      | <b>8</b>  |
| <b>2 Waldorfskólinn .....</b>                                | <b>11</b> |
| 2.1 Uppruni og útbreiðsla Waldorfskólanna.....               | 11        |
| <b>3 Stefna, hugmyndir og kenningar.....</b>                 | <b>13</b> |
| 3.1 Waldorfstefnan.....                                      | 13        |
| 3.2 Hugmyndafræði.....                                       | 15        |
| 3.3 Kenningin.....   | 15        |
| <b>4 Aðferðirnar og það sem skiptir máli í kennslu .....</b> | <b>18</b> |
| 4.1 Waldorfaðferðin .....                                    | 18        |
| 4.2 Lestrarkennsla í Waldorf - skólum.....                   | 22        |
| 4.3 Hlutverk kennarans .....                                 | 25        |
| 4.4 Námstæki.....  | 27        |
| 4.5 Umhverfi.....  | 28        |
| <b>5 Waldorfskólar á Íslandi og gagnrýni á stefnuna.....</b> | <b>29</b> |
| 5.1 Waldorfskólar á Íslandi.....                             | 29        |
| 5.2 Gagnrýni á Waldorfstefnuna .....                         | 30        |
| <b>Samantekt .....</b>                                       | <b>31</b> |
| <b>Lokaorð .....</b>   | <b>32</b> |
| <b>Heimildaskrá .....</b>                                    | <b>33</b> |

## Myndaskrá

|  |    |
|--|----|
| Mynd 1. Rudolf Steiner. Myndatexti er undir mynd ..... | 8  |
| Mynd 2. Goetheanum. Myndatexti er undir mynd .....     | 10 |
| Mynd 3. Bókstafurinn F. Myndatexti er undir mynd ..... | 24 |
| Mynd 4. Waldorfdúkkan. Myndatexti er undir mynd .....  | 28 |

## Formáli

Ritgerðin mín er lokaverkefni til B.Ed.-gráðu í grunnskólakennarafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Höllu Jónsdóttur kennara og aðjúnkt við Menntavísindasvið fyrir góða leiðsögn, ráðgjöf og stuðning varðandi verkefnið. Ég vil einnig þakka fjölskyldu minni þá sérstaklega móður minni Matthildi Rós Haraldsdóttur fyrir aðstoð, umburðarlyndi og yfirlestur.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Reykjavík, \_\_\_\_\_. \_\_\_\_\_ 20\_\_



## Inngangur

Í námi mínu við Kennaraháskóla Íslands haustið 2003 kynntist ég hugmyndafræði Rudolfs Steiner. Það var ekki fyrr en ég fór aftur í nám haustið 2010, að áhugi minn vaknaði á hugmyndafræði hans, en þá hafði Kennaraháskóli Íslands sameinast Háskóla Íslands. Ég las grein í dagblaði um grunnskólann Sólstafi og vakti það mikinn áhuga hjá mér en þar segir frá því að skólinn mæti barninu þar sem það er statt í þroska og leiðbeini því áfram á þroskabrautina. Þess vegna hef ég ákveðið að skrifa um Rudolf Steiner og Waldorfkennslu í lokaverkefni mínu til B.Ed.-gráðu í grunnskólakennarafræði.

Markmið þessa lokaverkefnis er að komast að því hver Rudolf Steiner var, hvernig hugmyndir hans um kennslu mótuðust og hvar hann fékk hugmyndir sínar um kennslu. Ég mun reyna að svara spurningunni hvað Waldorfstefna er og hvers vegna hún varð svona vinsæl út um allan heim.

Í byrjun ritgerðarinnar fjalla ég í stuttu máli um ævi Rudolfs Steiner, hugmyndir hans um lífið, áhuga hans á ritum Goethe og mannspekihreyfingunni, en orðið antroposophy hefur verið þýtt sem mannspeki á íslensku. Í öðrum kafla ræði ég um Waldorfskólann og hvernig hann varð til. Í þriðja kafla fjalla ég um Waldorfstefnu og hvernig hún þróaðist, hvaðan hugmyndafræðin er sprottin og hvernig kenningar Rudolfs Steiner þróuðust. Í fjórða kafla ræði ég um aðferðir hans og lýsi hvert hlutverk kennarans er samkvæmt hugmyndum hans. Fjalla ég líka um skoðanir Rudolfs Steiner á námstækjum og hversu mikilvægt umhverfið er. Að lokum ræði ég um Waldorfstefnu á Íslandi og gagnrýni almennt á Waldorfstefnuna í heiminum.

## 1. Rudolf Steiner - æviágrip



*Mynd 1. Rudolf Steiner*

*(1861-1925)*

Rudolf Joseph Lorenz Steiner fæddist 27. febrúar árið 1861 (Nicol og Taplin, 2012, bls. 3). Fæðingarstaður þessa frumkvöðuls í uppeldisfræðum er í þorpinu Kraljevic sem er á landamærum Ungverjalands og Austurríkis (Jónína Michaelsdóttir, 1990, bls. 62).

Hann var sonur hjónanna Franziska Blie og Johann Steiner, var elstur systkina sinna og átti hann einn bróður og eina systur (Nicol og Taplin, 2012, bls. 3). Foreldrar hans voru bæði frá Austurríki. Steiner lýsti þeim sem elskulegu og heiðarlegu fólki. Faðir hans starfaði hjá járnbrautarstöð sunnarlega í Austurríki, og má segja að Steiner hafi eytt bernskuárum sínum við járnbrautarstöðina (Steiner, 1984, bls. 8-25). Áður en Rudolf var orðinn átta ára hafði fjölskylda hans flutt þrisvar sinnum (Uhrmacher, 1995, bls. 384).

Steiner var aðeins átta ára þegar hann varð var við verur sem annað fólk gat ekki séð. Hann uppgötvaði það þegar frænka hans sem lést einn morgun, en birtist honum seinna sama dag. Hann sagði engum frá þessari upplifun eða öðrum svipuðum atvikum. Það var ekki fyrr en hann var um fertugt að hann fór að skrifa um þessa reynslu sína. Eftir að þetta kom fyrir í fyrsta skipti fékk hann lánaða bók hjá kennara sínum um dulspeki og þar las hann um reynslu fólks sem var svipuð upplifun hans (Steiner, 1984, bls. 7-8).

Árið 1879, þá átján ára, hóf hann nám í Vínarborg og lærði þar stærðfræði og náttúruvísindi. Þar stundaði hann einnig nám í heimspeki og sótti heimspekilega fyrirlestra við Háskólann í Vín hjá Karl Julius Schröder. Hjá honum kynntist hann verkum Goethes (Rudolf, 1984, bls. 25). Síðar bætti hann bókmenntum og heimspeki við nám sitt. Hann

lagði mikið á sig við að mennta sig og vann með skólanum við kennslu (Jónína Michaelsdóttir, 1990, bls. 62-63).

Þegar Rudolf Steiner var að verða tvítugur tók hann að sér að kenna tíu ára dreng með einhverfu. Fjölskylda drengsins, sem var efristéttar fólk, taldi að ekki væri hægt að kenna honum neitt. Eftir tvö ár var drengurinn farinn að tala latínu og grísku, hann gekk svo menntavegin og varð læknir. Það sem Steiner lærði á meðan hann var að kenna drengnum lagði grunninn að allri heimspeki hans um menntun fyrir börn í Waldorfskóla og þau sem þarfnast sérstakrar umönnunar (Steiner, 1984, bls. 9).

Eins og þýska skáldið og rithöfundurinn Goethe trúði Steiner því að jörðin væri öll lifandi og allt sem á henni væri. Einnig var hann sannfærður um líf eftir dauðann. Árið 1886 gaf hann út sína fyrstu bók *Theory and Knowledge in the Light of Goethe's Weltanschauung* (Uhrmacher, 1995, bls. 385). Síðar átti hann eftir að gefa út fleiri rit um þessi efni svo og um uppeldismál (Steiner, 1984, bls. 25-33).

Gegnum kynni hans við Karl Julius Schröder var hann ráðinn til þess að vinna við útgáfu á náttúru- og vísindaverkum Goethe, þá tuttugu og tveggja ára að aldri. Árið 1890 flutti hann til Weimar og vann þar sem ritstjóri hjá *Natural Scientific Writings of Goethe for the Sophia Weimar Edition of Goethes Works*. Árið 1891 lauk hann doktorsgráðu í heimspeki frá háskólanum í Rostock sem er í Þýskalandi (Steiner, 1984, bls. 25-26).

Rudolf Steiner hafði alla tíð áhuga á lögmálum tilverunnar, orsök og afleiðingu. Hann hreifst af guðspeki sem á rætur í indverskum trúarbrögðum og heimspeki, og varð deildarforseti guðspekisinna í Þýskalandi. Það stóð ekki lengi því hann var ekki sammála hugmyndafræði félagsmanna og sagði hann skilið við félagið. Þeir héldu því fram að Krishnamurti væri endurfæddur og væri nýi Kristur þeirra (Jónína Michaelsdóttir, 1990, bls. 63).

Eftir að hann sagði skilið við guðspekifélagið stofnaði hann mannspekifélag sitt. Í því var lögð áhersla á nútímalegar vísindarannsóknir og að veita kristnum hugmyndum rými. Hann var leiðandi afl félagsins allt til dauðadags (Myhre, 2001, bls. 185).

Árið 1907 byrjar Steiner að halda fyrirlestra víða í Evrópu um uppeldi barnsins frá sjónarmiði hugvísinda (Steiner, 1984, bls 28). Þann 23. apríl árið 1919 hélt hann fyrirlestur

í Waldorf-Astoria vindlingaverksmiðjunni í Stuttgart sem hafði mikil áhrif bæði á starfsfólk og eiganda fyrirtækisins. Fólk var orðið langþreytt á fyrri heimstyrjöldinni og hafði áhyggjur af framtíð fjölskyldna sinna. Hann veitti von um nýtt frjálst nútíma þjóðfélag. Þetta leiddi til að fyrsti Waldorfskólinn varð til (Uhrmacher, 1995, bls. 383).

Steiner hannaði og lét byggja hús sem fékk nafnið Goetheanum sem er í Dornach rétt hjá Basel í Sviss. Þetta hús er miðstöð mannspekisinna, sem eru fylgjendur hans (Steiner, 1984, bls. 288).

Þetta hús er merkilegt að því leyti að það eru engin horn á húsinu heldur er það allt bogadregið. Hann notaði samskonar við og er notaður í fiðlur. Árið 1922 gerðist það að kveikt var í húsinu og skemmdist það mikið. Það hindraði ekki Steiner og teiknaði hann aftur upp húsið, mun stærra en það fyrra. Það var byggt úr steypu og stendur enn í dag (Jónína Michaelsdóttir, 1990, bls. 62-63). Bæði húsin eru talin til meistaraverka meðal arkitekta sem störfuðu í anda expressjónista í byrjun tuttugustu aldar. Í byggingarstílnum endurspeglast lífræn form náttúrunnar og Steiner vildi með því leggja áherslu á baráttu og andlega þróun mannkynsins. Hann hannaði einnig fleiri minni byggingar, en ekki skólabyggingar (Björnholt, 2014, bls. 117).



Mynd 2. Goetheanum

Hinn hugmyndaríki Steiner skrifaði 58 bækur, aðallega um dulspeki, og hélt hann meira en 6 þúsund fyrirlestra (Ruenzel, 2001, bls. 41). Hann þótti efnilegur fyrirlesari og var mjög vinsæll. Hann flutti fyrirlestra um læknisfræði, fræðslumál og landbúnaðarmál og gat rökstutt skoðanir sínar eða kenningar á þann hátt, að allir sem sóttu fyrirlestra hjá honum skildu það sem hann var að segja (Jónína Michaelsdóttir, 1990, bls. 62-65).

Eftir að Rudolf Steiner stofnaði fyrsta Waldorfskólann starfaði hann mest við að kynna listgrein sína sem hann kenndi við uppeldi og kennslu (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls 58).

Árið 1924 gaf hann út bókina *The Kingdom of Childhood*. Það má segja að í þeirri bók fjalli hann mest um vangaveltur sínar um mannspeki. Í bókinni er fjallað um sjö fyrirlestra sem hann hélt um þjálfun í Waldorfaðferðunum fyrir enska kennara sem hugðust stofna Waldorfgrunnskóla (Ruenzel, 2001, bls. 41).

Rudolf Steiner lést 30. mars árið 1925 í Dornach, þá var hann orðinn þekktur út um allan heim. Kom fólk frá mörgum heimsálfum og var viðstatt jarðarför hans. Hann hafði þá náð að opna fjóra Waldorfskóla, tvo í Þýskalandi, einn í Hollandi og einn í Bretlandi (Uhrmacher, 1995, bls. 383).

Hér hefur verið sagt frá lífi Rudolfs Steiners í stórum dráttum og komið hefur fram hversu fjölhæfur og skapandi hann var. Einnig hefur verið rakinn áhugi hans á skáldinu Goethe og mannspekifélaginu sem varð stór hluti af lífi hans og starfi.

## **2. Waldorfskólinn**

Í næsta kafla verður fjallað um fyrsta skólann sem heimspekingurinn Rudolf Steiner stofnaði og hvernig nafn skólans varð til, svo og greint frá hugmyndinni á bak við menntastofnunina.

### **2.1 Uppruni og útbreiðsla Waldorfskólanna**

Hugmyndin að Waldorfskóla varð til þegar maður að nafni Emil Molt kom til Rudolf Steiner og bað hann um að skipuleggja skólastarf. Emil Molt var forstjóri hjá Waldorf-Astoria vindlingaverksmiðjunni í Stuttgart og var í mannspekihreyfingunni. Hann bað Steiner um að aðstoða sig við að stofna skóla fyrir starfsfólk og börn. Steiner gerði það með því skilyrði að í skólanum yrði fylgt eftir hugmyndafræði hans og hann yrði opinn fyrir öll börn, bæði stelpur og stráka. Bakgrunnur fólks ætti ekki að skipta máli og hann ætti að bjóða upp á 12 ára nám (Uhrmacher, 1995, bls. 383). Þetta tókst vonum framár og það var

um haustið, 7. september árið 1919 sem skólinn var opnaður. Hann fékk nafnið *Hinn frjálsi Waldorfskóli* frá vindlingaverksmiðjunni og var rekinn sem einkaskóli. Steiner gerði ekki upp á milli nemenda og menntaði öll þau börn sem vildu ganga í skólann. Það voru um 256 nemendur í skólanum og voru það aðallega börn starfsfólks í verksmiðjunni (Nicol og Taplin, 2012, bls. 5 ).

Það tókst að koma þessum skóla í gang með hjálp góðs fólks úr vinnandi stéttum. Afraksturinn af þessari vinnu varð metnaðarfull menntastofnun þar sem lögð var áhersla á að sinna jafnt andlegri og líkamlegri heilsu í samræmi við kenningar mannspekinnar (Uhrmacher, 1995, bls. 381). Rudolf Steiner lagði áherslu á að skólinn hefði þessa stefnu, en einnig að þrátt fyrir að stefnan byggði að mörgu leyti á hugmyndum mannspekinnar væri þó ekki markmiðið að innræta nemendum þá hugmyndafræði (Uhrmacher, 1995, bls. 396).

Steiner hafði ekki ætlað í upphafi að Waldorfskólinn myndi dreifast um allan heim og verða að risastórum samtökum. Hann vildi að uppeldisfræði hans og námsefni myndi efla framfarir í kennslu sem byggði á þroskaferli barna (Steiner, 1984, bls. 295).

Waldorfskólar eru farnir að njóta vinsælda um allan heim. Utan Evrópu eru þeir starfandi í Norður-Ameríku, Brasilíu, Argentínu og Asíu, til dæmis í Japan og Indlandi (Uhrmacher 1995, bls. 381-384). Það eru yfir þúsund Waldorfskólar í heiminum, í 91 landi. Um 200 Waldorfskólar eru í Norður-Ameríku. Fyrsti skólinn í Bandaríkjunum var stofnaður árið 1928 í New York (Uhrmacher, 1995, bls. 381-384). En Waldorfskólum í Bandaríkjunum fer ört fjölgandi vegna þess að foreldrar senda börn sín í meira mæli í þá vegna þeirra jákvæðu áhrifa sem aðferðin hefur á börnin, og einnig vegna þess að í almennum skólum eru notuð stöðluð próf sem foreldrum er illa við (Ruenzel, 2001, bls. 40).

Flestir skólarnir eru í Evrópu, þar með á Norðurlöndum. Rudolf Steiner ferðaðist mikið áður en hann lést og kynnti stefnu sína í Evrópu og þá sérstaklega í Skandinavíu og Bretlandi (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 57-58). Skólarnar eru um 36 í Noregi og var fyrsti skólinn stofnaður þar árið 1926 (Björnholt, 2014, bls. 117-118). Waldorfskólar eru í dag flestir einkareknir og saman mynda þeir eitt stærsta einkaskólakerfi í heiminum. Árið 1988

voru yfir 35000 nemendur í Vestur-Þýskalandi (Steiner, 1988, bls. ix). Í Bandaríkjunum eru sumir Waldorfskólar orðnir hluti af skólakerfinu (Uhrmacher, 1995, bls. 384).

Hér hefur verið fjallað um Waldorfskólafestunna, hugmyndina á bak við hana og hvaða ástæður liggja að baki því að Steiner hóf að gera þessar hugmyndir að veruleika. Sagt var frá inntaki stefnunnar og útbreiðslu.

### **3. Stefna, hugmyndafræði og kenningar**

Rudolf Steiner hafði ákveðnar skoðanir á hver stefna skólans ætti að vera og hvernig hugmyndafræði og kenningar hefðu áhrif á starfið innan skólans. Hér á eftir verður rætt um Waldorfstefnuna sjálfa og boðskap hennar. Því næst verður fjallað um hugmyndafræði Steiners og áherslur í uppeldi, kenningar hans um uppeldisfræði, mannspeki og kennslu. Að lokum er fjallað um ferns konar eðlisþætti og þroskastigin þrjú.

#### **3.1 Waldorfstefnan**

Samkvæmt hugmyndafræði skólans skyldi ala upp einstaklinga á þann hátt að þeir yrðu skapandi, sjálfstæðir og með gott hjartalag, það myndi stuðla að því að þeir yrðu hamingjusamar og góðar mannverur. Waldorfskólinn er einstakur á þann hátt að kenndar eru listir, handmennt og tónlist jafnt námsgreinum eins og lestri, ritun og stærðfræði. Leitast er við að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og leiðbeina þeim áfram í lífinu. Það viðhorf svo og að kennari fylgir nemendum fyrstu átta árin í grunnskóla er mikilvægt (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 57).

Uppeldisfræði Waldorfskólanna felst í því að kenna nemendum sömu fög og eru kennd í öðrum skólum, en á annan hátt. Kennarar leggja áherslu á að leyfa hugmyndaflugi og sköpunargáfu nemenda að blómstra og veita þeim ást og kærleik svo þeim finnist námið skemmtilegt en ekki skylda. Auðvelt á að vera fyrir nemendur að leita til kennarans og ætti hann að vera vinur þeirra og uppalandi. Kennarinn á að vera stjórnandi að 14 ára

aldri nemendanna, en eftir það samstarfsmaður þeirra sem nemendur geta leitað til og kennarinn á að ýta undir sjálfstraust nemenda (Jónína Michaelsdóttir, 1990, bls. 66).

Waldorf-námskrá í leikskólum mótaðist af grundvallarhugmyndum um þroska barnsins. Til dæmis var ekki lögð áhersla á lesturinn fyrr en barnið var orðið nógu þroskað og tilbúið að takast á við lestur (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 59), eða þegar það væri orðið sjö ára og væri farið að missa barnatennurnar, því þá væru miklar þroskabreytingar hjá barninu (Steiner, 1984, bls. 290).

Steiner hannaði námskrá fyrir skólann sem er byggð á trú hans að börn þroskist í gegnum þrjú stig sem verða rakin hér neðar (Nordlund, 2013, bls. 14). Hann mótaði námskrána út frá hugmynd sinni um að börn læra í gegnum listir, lagði áherslu á sköpunarkraft og að börn fengju tækifæri til þess að skapa. Námsefnið er lagt fyrir nemendur, þeim er sögð saga og síðan þurfa þeir að vinna úr henni og melta, og fá síðan tækifæri til að skapa á sínum forsendum. Steiner hafði ekki mikla trú á utanbókarlærdómi og upptalningu, honum fannst það ekki vera góð kennsla og myndi ekki verða neinum til gagns (Hrafnhildur Eiðsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2013, bls. 3).

Námskrá í Waldorfgrunnskólum er nákvæm. Þar er lögð mikil áhersla á fjölbreytt viðfangsefni sem öll börn fá að kynna. Kenningin lýtur að því að örva hæfileika nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Þeir eru þannig örvaðir á öllum sviðum og litið á allt sem tengist manningum sem eina heild (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 62).

Í Waldorfskóla eru engin próf eða einkunnir, ástæðan er sú að allir nemendur ganga í gegnum sömu þroskabraut og ólíkir nemendur öðlast dýrmæta félagslega reynslu af veru í skólanum. Þar af leiðandi leggur skólinn mikla áherslu á félagsleg samskipti milli kennara, nemenda og foreldra (Myhre, 2001, bls. 188).

Rudolf Steiner vildi að nemendur sínir gætu farið í annan skóla án þess að vera eftirá í námi. Hann vildi einnig að þeir næðu framhaldsskólaprófi svo þeir kæmust í háskóla. Þannig að eftir tólf ár í Waldorfskóla undirbýr skólinn nemendur sína til þess að taka samræmd próf (Uhrmacher, 1995, bls. 393).



### 3.2 Hugmyndafræði

Í uppeldisfræði Rudolf Steiners er lögð áhersla á að þroska hug, hjarta og hönd. Þessir þrjú þættir endurspeglast í listrænni framsetningu á námsefni, í kennsluháttum sem birtast í fjölbreytilegri og sveigjanlegri námskrá þar sem barnið er í fyrirrúmi. Með þessari nálgun fær hvert barn tækifæri til að þroska hæfileika sína og efla það sjálfstæði sem þarf til þess að takast á við lífið (Waldorfskólinn Lækjarbotnum, 1990). Í hugmyndafræðinni er reynt að skapa heildarmynd af námsefninu og að leyfa nemendum að skoða efnið út frá mörgum sjónarhornum. Þannig fá þeir tækifæri til að skapa sína eigin þekkingu á námsefninu og gefa verkefnum sínum merkingu, en það hefur mikið gildi fyrir barnið (Hrafnhildur Eiðsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2013, bls. 2-3).

Samkvæmt hugmyndafræði Steiner er lögð áhersla á að ef kennarinn myndi byrja of snemma að kenna barninu hefði það truflandi áhrif á það og raska jafnvægi þess (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 59). Sem dæmi um þetta taldi hann að með því að gefa barni hina fullkomnu dúkku værum við að skemma ímyndunarheim barnsins. Það gæti þá ekki nýtt sköpunarkrafta sína í leik og því ætti fremur að gefa því tuskudúkku sem það gæti fengið að mála augu, nef og munn á (Howard, 2004, bls. 15).

Steiner sagði að leikskólar ættu ekki að vera kennarastýrðir þar sem börnin hafa ekki hafið skólagöngu og því ætti ekki að hefja kennslu heldur efla þau í leik. Hann lagði áherslu á að kennarar segðu sögur, færu í leiki og segðu börnunum gátur, en á þann hátt að þeir væru ekki að kenna. Hann lagði einnig áherslu á að það ætti ekki að gera kröfur til barna á leikskólaaldri (Howard, 2004, bls. 30).

### 3.3 Kenningin

Ekki er hægt að útskýra kenningu Steiner um uppeldisfræði svo vel sé í stuttri ritgerð. Hann taldi mikilvægt að rækta andlegt líf einstaklinga á tímum örra tækniframfara. Það taldi hann geta komið í veg fyrir að börn yrðu efnishyggju að bráð (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 58).

Rudolf Steiner setti fram eigin kenningu sem hann kallaði viskuna um manninn, mannspeki. Hún byggir á hugmyndum hans um að allar lífverur séu ein heild, bæði maður

og öll náttúran, og allt líf eigi rétt á sömu virðingu. Hann trúði á endurfæðingu og að tilvera okkar og tilgangur hennar væri að þroskast endalaust hér á jörðinni (Jónína Michaelsdóttir, 1990, bls. 63).

Steiner kom fram með kenningu um hvernig ætti að háttta kennslu barna, bæði heilbrigðra og þeirra með þroskahömlun. Hann taldi að þroskahömluð börn væru í heftum líkama og því ætti að koma fram við þau sem sál sem þyrfti að næra. Hann sagði einnig að koma ætti fram við börn sem sjálfstæða einstaklinga. Í dag eru út um allan heim skólar sem starfa eftir hans kenningum. Meðal annars gat hann bent fólki á hvernig ætti að koma fram við börn sem voru veik, lömuð eða flogaveik og hafði það mikil áhrif. Hann lagði mikla áherslu á að starfsfólk ætti að vinna með börnum og að nota ætti á fjölbreyttan hátt aðferðir sem myndu ná til þeirra, svo sem myndlist, tónlist, leiklist, takt og hreyfilist (Jónína Michaelsdóttir, 1990, bls. 65).

Rudolf Steiner sagði að maðurinn væri með ferns konar eðlisþætti. Þessir þættir mynduðu hið óæðra sjálf mannsins. Þannig að æðra andlega sjálf gæti þroskast. En sjálfið gæti hins vegar ekki lokið þroska sínum á einum mannsaldri, heldur þyrftu einstaklingar að koma aftur á jörðina. Karma okkar er háð því hvernig við höguðum okkur í fyrra lífi og að lokum náum við fullkomnun. Þá er æðsta stiginu náð sem er hulið í hinu guðdómlega.

### **Hinir ferns konar eðlisþættir**

1. Hinn efnislegi líkami, efni sem er að finna í steinaríkinu.
2. Lífslíkami úr skapandi mótunaröflum.
3. Sálarlíkami sem ber uppi sálarlífið í sínum mörgu myndum.
4. Sjálfið, hinn andlegi eðliskjarni mannsins, sem gerir hann að einstaklingsbundinni andaveru (Myhre, 2001, bls. 187).

Í uppeldisfræði um þroska barna segir Rudolf Steiner að þau þróist í gegnum þrjú stig. Þau eru lykilatriði í þroskaferli barnsins og vara þau hvert fyrir sig í sjö ár. Waldorfkennurum er sérstaklega umhugað um þróun sálarinnar á skólaaldri barna. Þessi

þrjú stig hafa sín sérkenni og tengjast kenningum Rudolfs Steiner um hina ólíku líkama sem skiptast í fjóra þætti, sem fjallað var um hér að ofan (Myre, 2001, bls. 187). Steiner taldi að við lærðum í gegnum alla eðlisþætti líkamans.

### **Mikilvægu stigin þrjú á þroskaáföngum hjá manningum**

1. Fyrsti áfangi er frá fæðingu þangað til barnið nær sjö ára aldri þegar það fer að missa barnatennurnar. Börn læra með því að herma eftir og öðlast vilja til að gera hlutina sjálf. Það er því mikilvægt að fullorðnir hagi sér vel og geri fallega hluti kringum börnin sín.
2. Annar áfangi hefst þegar barnið nær sjö ára aldri og varir til 14 ára aldurs. Þá er mikið að gerast í lífi barnsins, það missir barnatennur og verður frjálssara, tilbúið til þess að takast á við ný verkefni eins og lestur og skrift. Steiner sagði einnig að á þessu þroskastigi hefðu börn innri þörf fyrir aga, ekki strangan og skipandi uppalanda heldur mildan leiðbeinanda.
3. Þriðji áfangi hefst við kynþroska og lýkur við tuttugu og eins árs aldur. Þá þroskast astrallíkaminn og unglíngurinn þroskar vitundina betur, sjálfstæðið, dómgreindina, þrá og ástríðu. Á þessum aldri eru nemendur hvattir til þess að mynda sínar eigin skoðanir (Uhrmacher, 1995, bls. 389-391).

Allir þekkja það hvernig samband getur þroskast milli barns og fullorðinna einstaklinga (Steiner, 1984, bls. 291). Steiner minnst oft á það í bókum sínum hversu mikilvæg fyrstu sjö árin í lífi barns eru og hvað það getur haft mikil áhrif á allt mannkynið þegar það verður fullorðið. Hann sagði að á þessum sjö árum þyrfti að reyna eins og hægt væri að styrkja þau í sjálfstæðri hugsun, en það er í eðlinu að herma eftir öðrum. Á þessum árum er mikilvægt að örva vitsmuni barna svo að þau verði virk á eigin forsendum, eins og getið er um í sambandi við dúkkuna. Eðlilegt barn myndi hafna hinu

fullkomna leikfangi og frekar vera glaðara með viðarkubba, eða allt það sem eykur tækifæri til þess að nota ímyndunaraflið (Howard, 2004, bls. 40).

Steiner sagði að börn ættu að búa í ímyndunarheimi, nota ímyndunaraflið í leikjum sínum. Við það leysast úr læðingi öfl sem skapa þeirra eigin heim til að leika í (Howard, 2004, bls. 39).

Rudolf Steiner sagði að börn í leik myndu haga sér eins þegar þau fullorðnast. Börn sem leika sér rólega munu einnig vera hæg þegar þau ná fullorðinsaldri og munu hugsa og muna eftir allri sinni reynslu. Börn sem eru með fullkomnunarárættu munu einnig verða þannig þegar þau eldast. Einnig sagði hann að börn sem hafa gaman af því að opna leikföng og sjá hvað er inni í þeim yrðu seinna heimspekingar. Þess konar hugsun yfirstígur vandamál lífsins (Howard, 2004, bls. 30).

Eins og sjá má hér að ofan hefur Rudolf Steiner látið sig barnauppeldi miklu varða og lagði hann mikla áherslu á að koma á menntastofnun þar sem nemendurnir væru í brennidepli og ætti að huga vel að þroskaþáttum þeirra. Hann hafði sterka skoðun á því hvernig móta ætti námskrá og lagði mikla áherslu á listir í kennslu. Hugmyndafræði hans um kennslu er sú að námsefnið skuli höfða til nemenda og þeir geti fengið að kynnst efninu á marga vegu (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 57-62). Hann kom einnig fram með þá hugmynd að rækta ætti hið góða í börnum (Jónína Michaelsdóttir, 1990, bls. 65).

#### **4. Aðferðirnar og það sem skiptir máli í kennslu**

Í þessum kafla verður fjallað um áherslur Steiner um Waldorfaðferðina, hvernig kennslunni er háttað og áherslur hans um lestrarkennslu. Einnig verður rakið hvert starf kennarans er og áhrif umhverfis og námstækja, en Steiner hafði ákveðnar skoðanir á þessum þáttum.

## 4.1 Waldorfaðferðin

Waldorfaðferðin varð mjög vinsæl skömmu eftir að fyrsti skólinn var stofnaður. Fljótlega eftir að fyrsti Waldorfskólinn reis spruttu upp leikskólar sem störfuðu eftir sömu hugmyndafræði. Steiner hafði mikinn áhuga á uppeldi ungra barna. Hann talaði og ritaði mikið um fyrstu sjö árin í lífi barna, fjallaði um þroska og hversu mikilvægt væri að huga vel að honum, því frá fæðingu til sjö ára aldurs móta uppaldur barnið og það er grunnur að velferð þess (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 58).

Waldorfskólar eru hannaðir til að leyfa börnum að tengja það sem þau læra við eigin upplifun. Þau sýna þá náminu meiri áhuga og finnst námið vera meira lifandi (Barnes, 1991, bls. 52).

Waldorfleikskólar eru einstakir á þann hátt að mikið er um endurtekningar. Dagsskipulaginu er þannig háttað að það er bundið ákveðinni vikuáætlun og eru alltaf sömu þættir í boði á sömu dögum. Dagarnir byrja alltaf eins með morgunhring þar sem börn og starfsfólk koma saman við kertaljós og bjóða góðan dag. Eftir það fara börnin í rólegan leik. Starfið fer bæði fram inni og úti og fer fram milli níu og þrjú. Matseðillinn er jafnvel sá sami í hverri viku og einnig eiga grænmetisfæði, myndlist og bakstur sína ákveðnu daga. Áhersla er lögð á endurtekningu þema árlega, svo sem kringum páska og jól. Ástæða fyrir því að Waldorfleikskólar endurtaka rútínuna er sú að það veitir börnunum öryggi, og það að börn fái að gera hlutina aftur dýpkar skilning þeirra og eflir þau í leik og starfi (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 58).

Suma morgna er ef til vill byrjað á að syngja lög, mála með vatnslitum eða teikna með vaxlitum. Börnin geta bakað eða hlustað á sögur. Einnig er farið í göngur úti í náttúrunni eða unnið í garðinum og leikið með viðarbúta. Leikið er inni með því að búa til hús úr efnum og klæðast í furðuföt. Allt þetta hefur áhrif á þroska og eflir þau í einbeitingu og er hvetjandi (Edwards, 2002).

Rudolf Steiner taldi mikilvægt að kynna börn fyrir litum eins snemma og hægt væri. Hann sagði að það væri gott fyrir börn að nota liti við að teikna, hvort sem blaðið væri litað eða hvítt. Allir ættu að vekja áhuga barna á litum og á því hvað litir geta haft mikil tilfinningaleg áhrif, til dæmis í umhverfinu kringum okkur (Steiner, 1976, bls. 41).

Yngstu börnin fá að kynnast því hvernig það er að teikna með þykkum vaxlitum og hvernig það er að mála með vaxlitum á blautan pappír (Björnholt, 2014, bls. 118).

Waldorfkennsla í grunnskólanum er vel skipulögð. Í henni er nemendum gefið tækifæri til að efla svigrúm til að skynja og kynnast nýjum hlutum og bregðast við þeim á réttan hátt, efla sköpunarhæfileika sína og herma eftir. Allt þetta er mikilvægt til þess að nemendur öðlist nýja þekkingu og færni. Fyrstu árin í grunnskóla leggja kennarar áherslu á að efla ímyndunarafl barna með því að gefa þeim tækifæri til að upplifa lífið á fjölbreyttan hátt (Steiner, 1984, bls. 293-294). Til þess að allir þessir þættir nái að þroskast hjá barninu þarf góðan bekkjarkennara sem nær að tengjast hverju barni og leiða það áfram á þroskabrautinni (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 61).

Fastur liður í öllum kennslustundum í Waldorfskólum er að í upphafi skóladags er kennt eitt aðalfag sem nær yfir tvær kennslustundir og getur fagið verið kennt í þrjár til fjórar vikur í senn. Seinni kennslustundirnar eru vel skipulagðar, söngur er kenndur á þriðjudögum, handavinna á mánudögum og miðvikudögum og hreyfileikni á fimmtudögum (Uhrmacher, 1995, bls. 393-394). Þessar tvær fyrstu kennslustundir eru einnig vel skipulagðar og geta verið mjög þýðingarmiklar fyrir nemendur, vegna þess að kennarinn hugar að tilfinninga- og vitsmunapætti nemenda og áhuga þeirra (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 62). Þemu sem eru endurtekin á hverju ári eru fastur þáttur í skólanum og það setur sterkan svip á skólann. Nefna má til dæmis undirbúning fyrir hátíðir (Uhrmacher, 1995, bls. 393-394). Í Waldorfskólum í Noregi eru mánaðarlega haldnar hátíðir þar sem nemendur sýna verk eftir sig og hátíðarhöldin eru í anda þema ársins (Björnholt, 2014, bls. 118).

Í fyrsta bekk eru kenndar ævintýrasögur, í öðrum bekk dýrasögur og dýrðlingasögur, í þriðja bekk er Gamla testamentið kennt og í fjórða bekk norræn goðafræði. Þessar aðferðir voru sérstaklega valdar til þess að mæta þroskastigum barnsins. Í Waldorfskóla eru kennarar hvattir til þess að nota ekki kennslubækur, frekar að segja sögurnar sjálfir, því það gerir sögurnar meira lifandi. Í efri bekkjum, frá fjórða upp í sjötta bekk, bætast við áfangar þar sem meiri áhersla er lögð á handavinnu en á ímyndunaraðferðir. Sem dæmi má nefna að í fjórða bekk bætist náttúrufræði inn í, þó að sögur úr náttúrunni hefðu verið sagðar áður. Síðan bætist við saga og landafræði í fimmta

bekk og í sjötta bekk bætist við trésmíði, garðyrkja, eðlisfræði og rúmfræði. Waldorfkennarar telja að það sé mikilvægt að kenna nemendum fyrst um tré áður en þeir færu í smíðatíma og vinna með viðarbút (Uhrmacher, 1995, bls. 394-5).

Þegar börn eru tilbúin að skilja við leikskólann og byrja nám í fyrsta bekk í grunnskóla hafa þau mikinn áhuga á að kanna heiminn í annað sinn (Barnes, 2001, bls.52). Hjá nemendum frá aldrinum sjö til fjórtán ára þarf að huga að tilfinningabætti barnanna, vegna þess að það er líklegra að viðfangsefnið hjá barninu mótist af getu og viðleitni kennarans en af sjálfu námsefninu. Á þessum aldri trúna nemendur því að kennarar viti allt og hugmyndafræði Waldorfstefnu er sú að ef kennarar ná þessu mikilvæga trausti nemenda munu þau öðlast betra sjálfstraust á komandi árum (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 61).

Fyrstu árin í grunnskólanum eru börnin undurbúin til að læra um orsakir og afleiðingu (Steiner, 1984, bls. 294). Steiner sagði að áður en barn nær 12 ára aldri ætti það ekki að heyra um orsakir og afleiðingu og því ætti ekki að kenna eðlisfræði svo ungum börnum, það væri of erfið fræðigrein fyrir þau og gæti valdið steitueinkennum (Ruenzel, 2013, bls. 42).

Frá fyrsta til áttunda bekkjar eru kennd fög eins og lestur, skrift og stærðfræði og mikil áhersla lögð á listir til þess að þroska ímyndunaraflíð, þar með teiknun, málun, leiklist, ljóðaflutningur og tónlist. Kennarinn þarf að vera listhneigður, því áhersla er lögð á að kenna á sem listrænastan og hugmyndaríkastan hátt. Til dæmis yrði í landafræðakennslu auðveldara fyrir barnið að ímynda sér í huganum loftlagsbeltin ef kennarinn myndi útskýra á listrænan og leikrænan hátt hvernig landslagið væri í þurru Sahara eyðimörkinni og í grænu fögru regnskógasvæði sem er við strönd Gíneu (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 61).

Áhersla er lögð á að nemendur læri á hljóðfæri (Myhre, 2001, bls. 188). Rudolf Steiner samdi á sínum tíma hreyfistaraðferðir sem eru kenndar í öllum Waldorfskólum. Hreyfist er kennd frá leikskóla og upp allan grunnskólann. Með henni er leitast við að samræma hrynjandann í hreyfingum líkamans við tónlist. Hlustað er á lag og eiga nemendur að geta tjáð lagið með hreyfingum eftir eigin upplifun. Stundum er einn að dansa, stundum hópur (Nicol, 2010, bls.97).

Á aldrinum 14 til 21 árs er mikilvægt að kenna vísindi, sögu og tónlist, og listir ættu að vera kenndar í ríkum mæli með sama kennara (Steiner, 1984, bls. 293-294). Þegar börn eru komin í áttunda bekk eru þau tilbúin fyrir kennslu um gagnrýna hugsun (Ruenzel, 2001, bls. 43) Frá fjórtán til fimmtán ára aldri verða miklar breytingar á hugmyndum nemenda um kennara sem fyrirmynd. Þau eru að leita að hinum fullkomna kennara sem er sérfræðingur á sínu sviði. Þau aðlagast betur kennurum á áhugasviði sínu, til dæmis nemandi sem er mikið fyrir listir nær betur til myndlistarkennara síns heldur en bekkjarkennara og þar af leiðandi á kennarinn auðveldara með að ná til nemandans (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 61).

## 4.2 Lestrarkennsla í Waldorf – skólum

Lestrarkennsla í Waldorfskóla er ólík hefðbundnum kennsluaðferðum sem tíðkast í hefðbundnari skólum. Þegar barn byrjar í skóla þarf það að læra að lesa og skrifa, það er Waldorfkennurum sönn ánægja að kenna lestur fyrst, og skrift samhliða lestri (Steiner, 1984, bls. 355).

Ekki er lögð nein sérstök áhersla á lestrarkennslu í Waldorfkennslufræði í yngri bekkjum. Þar er lögð meiri áhersla á aðrar kennsluaðferðir sem síðar leiða til lestrar. Sú kennsla hefur mikið gildi þar sem hún styðst við mikilvægan þroska barnsins á mótunarárum. Kostur þessarar aðferðar er að hún gerir börnum kleift að ná tökum á lestri án þess að hafa nokkuð fyrir því. Þannig verður lestur þýðingarmeiri og ýtir undir meiri áhuga hjá barninu við að læra að lesa (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 62).

Fyrst þegar nemendur koma í skólann kynnast þau bókmenntum og lögð er áhersla á formteikningu. Þau læra að teikna línur, boga og læra orðaforða yfir heiti formanna. Hugmyndin á bak við þessa kennslu er sú að talið er að hún undirbúi börn undir ritun. Í bókmenntakennslu er lögð áhersla á hlustun, nemendur hlusta á upplestur og síðan flytja þeir ljóð og fá að spreyta sig á að leika í leikriti. Þau öðlast þekkingu á bókmenntum og lögð er áhersla á að nemendur búi til sínar eigin lestrarbækur. Þar geta þau skrifað og teiknað í bókina og síðan lesið það sem þau hafa skrifað. Allt þetta ýtir undir áhuga hjá barninu og áhuginn verður meiri eftir því sem það nær tökum á lestri og ritun. Nemendur fá að heimsækja bókasafn skólans og önnur bókasöfn þar sem lögð er



áhersla á bækur til lestrar (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 62-63). Í yngri bekkjum læra þeir að skipuleggja og taka ábyrgð á listrænni vinnu sinni, meðal annars til að geta búið til sínar eigin kennslubækur (Steiner, 1984, bls. 294).


Þegar nemendur læra stafina er reynt að hafa námið sem líflegast og áhugaverðast. Þau heyra sögur og kynnast fyrst samhljóðum. Sögurnar tengjast hljómi stafsins og formi hvers samhljóða. Með þessari aðferð er reynt að höfða til barnsins þannig að það getur ímyndað sér myndir í huganum (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 62). Til dæmis ef barn hefur heyrt sögu um ljón daginn áður og sagt kennara sínum frá, gæti hann fengið barnið til þess að endursegja söguna og ef til vill teikna mynd af ljóninu og skrifa nokkrar setningar um það. Samkvæmt mannspekinni lifir myndin af ljóninu á þennan hátt í meðvitund nemendanna (Uhrmacher, 1995, bls. 394). Þegar nemendur skapa sína eigin mynd í huganum hjálpar það þeim að muna hvernig hluturinn er. Með því að leyfa barninu að ímynda sér í huganum eflist hugsun þess við að takast á við verkefnið og finna lausnir, það mun efla sjálfstraust, viljastyrk, sköpunarkraft og barnið öðlast betri skilning á náminu (Hrafnhildur Eiðsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2013, bls. 4).

Steiner taldi rangt að kenna lestur á undan skrift, það væri best að kenna skrift fyrst og nota form umhverfisins við kennsluna (Ruenzel, 2001, bls. 42). Það kemur að því að barnið lærir lestur samhliða skriftinni. Sem dæmi má velta fyrir sér hvaða tengingu maður hefur við hugmyndina á bak við orð þegar maður fer að skrifa orðið. Það þarf að kenna stafinn A og lítið a, en Steiner setti fram vangaveltur um hvaða tengingu það hefði við hljóðið til dæmis á ensku. Þá er ekkert samhengi þar á milli. Hann velti einnig fyrir sér hvernig fólk hefði lært að lesa fyrr á öldum og hver hefði kennt því. Þegar Evrópubúar námu land í Bandaríkjunum hittu þeir fyrir frumbyggja og sýndu þeim hvernig þeir túlkuðu hugsanir sínar með því að skrifa á blað. Indjánunum brá heldur í brún og töldu þeir að þetta væru verk djöfulsins því þeir túlkuðu hugsanir sínar og tilfinningar á myndrænan hátt. Þetta er framandi fyrir nútímafólk (Steiner, 1984, bls. 355).

Sem dæmi um aðferð Steiners í lestrarkennslu er þegar sagt er til dæmis hljóðið „AH“ þá er hægt að vinna með tilfinningar og teiknun í kennslu og kenna börnum stafinn „A“ með því að lyfta örmum upp og grípa saman lófum og segja „A“. Þannig er búið að

gera stafinn myndrænan (Steiner, 1984, bls. 355). Steiner setti einnig fram hugmyndir sínar um hvernig hægt er að kenna stafrófið gegnum myndir:

„Imagine for example ...approaching the child by saying: You have seen a fish, haven't you? Try and remember what the fish looked like when you saw it. If I do this on the blackboard (mynd hér að neðan) it looks very like a fish doesn't it?..... Now imagine you wanted to say fish. What you say when you say fish lies in this sign (sjáið vinstri mynd). Now try not to say fish but only to start saying it..fish, f-f-f-f.. When you start to say fish, f-f-f-, you express it in writing by making just this sign“ (Steiner, 1976, bls. 11-12).



Mynd 3. Bókstafurinn F

Þetta er eitt dæmi um aðferð Waldorfkennara við að kenna lestur gegnum myndir. Með þessari kennslu getur barnið skilið hvernig myndræn ritun varð til og hvernig hún þroskaðist í þá aðferð sem tíðkast nú á tímum. Áður fyrr var líkt eftir formi hlutar með tákni, táknið breyttist smám saman í bókstaf og þannig urðu mismunandi hljóð til (Steiner, 1984, bls. 356). Steiner tók sem dæmi stafinn „M“ og hvernig hann er kenndur. Það má hugsa sér munn, leyfa nemendunum að teikna efri hlutann og biðja þá um að segja orðið „munnur“, taka svo „unnur“ í burtu og þá er eftir stafurinn „M“. Á þennan hátt er hægt að tengja alla stafina við raunverulega hluti og barnið mun stanslaust tengja hlutina í huganum. Ef byrjað er á lestrarkennslu er það aðeins höfuðið sem tekur þátt, einskonafrá utanbókarlærdómur. Þegar ritun er kennd þarf höndin einnig að taka þátt og allur líkaminn er örvaður til þátttöku. Þegar byrjað er með skriftarkennslu og kennt er út frá myndformum nær kennarinn allri athygli barnsins. Eftir það er hægt að halda áfram að kenna lestur. Barnið hefur lært stafina eftir að hafa tengt þá við hluti og skilur lesturinn betur. Þessi kennsluaðferð mun eflaust taka lengri tíma, en það mun hafa mjög góð heilsufarsleg áhrif í þessu jarðneska lífi frá vöggu til grafar (Steiner, 1984, bls. 356-357).

### 4.3 Hlutverk kennarans

Til þess að starfa með börnum í Waldorfskóla þurfa kennarar að fara á námskeið. Í Bandaríkjunum er boðið upp á sérstaka þjálfun fyrir kennara sem vilja starfa í Waldorfskóla. Þrjátíu og þrír kennaraháskólar sem kenna aðferðina starfa í sautján ríkjum, fimm eru í Norður- Ameríku (Barnes, 2001, bls. 52).

Hlutverk kennarans breytist með aldri nemendanna. Það er mikilvægt að Waldorfleikskólakennari sé yfirvegaður og rólegur í návist barnanna, vegna þess að börn þurfa að finna fyrir öryggi og hlýju. Börn á leikskólaaldri vilja vera frjáls, þess vegna er mikilvægt að leikskólakennari skipuleggi daginn þannig að börnin viti hvað sé ætlast til af þeim. Þannig geta þau notað leikinn til þess að skapa sjálf. Útgeislun og framkoma kennarans er mjög mikilvæg yngstu börnunum. Kennarinn þarf að taka mikilvægar ákvarðanir til að fanga athygli barnanna, því framkoma hans hefur áhrif á það hvort þau ákveða að herma eftir honum (Howard, 2004, bls. 9).

Börn vilja ekki að þeim sé stýrt og nota þau leikinn til þess að herma eftir fullorðnum. Kennarinn ætti þess vegna að finna leikefni sem hentar hverjum aldri fyrir sig. Aðalmál leikskólanna er að að veita börnum tækifæri að leika sér í sínum ímyndunarheimi og á heilbrigðan hátt (Howard, 2004, bls. 4-14).

Leikskólakennarar ættu að finna leikefni sem er skemmtilegt og forðast það sem er leiðinlegt og einungis vitsmunalegt, en efla sköpun og ímyndunarheim barna, en með því snertir það hið góða í lífi okkar. Einnig er mikilvægt að kennarinn noti rödd sína í mildum tón, því allt sem hann gerir og segir í návist barnanna hefur áhrif á sálina hjá þeim og framkomu þeirra. Stór hluti af starfi kennara er sjálfsuppeldi og að þeir séu virkir með börnunum (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 59).

Leikskólakennari vinnur best með börnum þegar hann hefur leikefni sem hefur tilgang. Hann ætti því að kynna börnunum og komast að því hvað vekur mestan áhuga hjá barninu. Börn þurfa á kennara að halda sem tekur þátt í gleði þeirra, en helst af öllu að hann sé heiðarlegur og sýni þeim væntumþykju (Howard, 2004, bls. 40-45).

Í Waldorfgrunnskóla er venja að kennarinn fylgi nemendum sínum allt frá fyrsta bekk upp í áttunda bekk. Þannig kynnist hann nemendum sínum best og þau honum og

myndast þannig sterk bönd milli þeirra. Hann getur þar af leiðandi aðlagð námsefnið að hverjum nemanda. Mikil áhersla er lögð á það í Waldorfkennslu að nemendur geti leitað til kennarans, það skapar öryggi fyrir þau sem leiðir til gagnkvæmrar virðingar og trausts. Síðustu tvö árin er bekkjarkennarinn umsjónarkennarinn þeirra. Kennarar ættu að forðast að hugsa neikvætt um nemendur þegar þeir eru að lesa yfir verkefni þeirra, heldur reyna að skrifa eitthvað jákvætt (Uhrmacher, 1995, bls. 393-395). Með því að hafa sama bekkjarkennara ár eftir ár myndast ekki bara góð tengsl milli kennara og barns, heldur einnig kennara og foreldra barnanna í bekknum. Þegar vandamál koma upp þarf ekki að leita langt, heldur geta foreldrar, kennarar og barn rætt saman um vandamálið og leyst það á góðum nótum (Barnes, 2001, bls. 53).

Steiner sagði um kennslu að hún yrði aldrei góð ef eingöngu væri stuðst við reglur um hvernig ætti að kenna og mennta barn. Kennarinn þyrfti einnig að hafa innri eldmód og áhuga á starfinu (Steiner, 1984, bls. 315).

Kennari verður að vera meðvitaður um hvort nemendur hans hafi áhuga á því sem hann er að kenna. Til að mynda þegar kennari segir ævintýrasögu verður hann að segja hana frá hjartanu, þannig að hann snerti við nemendum og veki áhuga þeirra. Ef hann skynjar að hann hafi áhrif á tilfinningar og áhuga hjá nemendum sínum veit hann að þeir skilja söguna betur. Kennsla verður betri á þennan hátt þegar kennari fer að vinna með efnið meira. Þá er ekki ætlunin að hann útskýri heldur hvetji barnið til að finna lausnina sjálft. Seinna meir finnur nemandinn lausnina af sjálfu sér (Steiner, 1976, bls. 23).

Mikil áhersla er lögð á að Waldorfgrunnskólakennari kynni sér námsefnið vel áður en hann leggur það fyrir nemendur, til dæmis með því að finna góðar aðferðir fyrir nemendur til að nálgast efnið á eigin forsendum og vinna það með sköpunarkrafti sínum. Með þessari vinnu er átt við að kennarinn tengist námsefninu betur, rækti eigin sjálfsskoðun og endurmenntun. Þannig á hann auðveldara með að koma námsefninu til skila til nemenda þar sem hann er búinn að koma sinni eigin skapandi hugsun að námsefninu. Nú geta nemendur nýtt eigin sköpunarkrafta í verkið til þess að ljúka því og koma því frá sér á sem auðveldastan hátt, hver og einn skilar sinni eigin útfærslu (Hrafnhildur Eiðsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2013, bls. 4)

#### 4.4 Námstæki

Steiner lagði áherslu á að leikfni ættu að vera einföld og skapandi og að efniviðurinn væri úr náttúrulegum efnivið, eins og viðarspýtur og trjágreinir sem sagaðar væru síðan í kubba. Eins og fyrr segir er mikilvægur þáttur í starfi leikskólans að segja sögur, án þess að lesa upp úr bók. Það gefur meiri innblástur í söguna og hún verður líflegri. Upp úr sögunum kviknar innblástur til að búa til leikrit, og hannaðar eru brúður og allt sem þarf fyrir brúðuleikhúsið. Þar fá nemendur að njóta sín og efla sköpunargáfu sína og þetta styrkir þau í félagslegum leik. Grimmsævintýri eru mikið notuð í Waldorfleikskólum. Mikið er lagt upp úr því að börn fái eins mikinn tíma til þess að skapa leikinn og þau þurfa án þess að verða fyrir truflun (Lilja Oddsdóttir, 1999. bls. 59-60).

Steiner var hrifinn af bókum sem í væru hreyfanlegar myndir sem hreyfðust með því að toga í band. Hann taldi þær eiga að innihalda lítinn texta fyrir neðan hverja mynd (Howard, 2004, bls. 41). Hugsunin á bak við bókina er að leyfa börnunum að breyta dauðri mynd í lifandi hreyfimynd. Svona bækur fá börnin til að upplifa að þau geti hreyft myndina (Howard, 2004, bls. 34).

Rudolf Steiner var ekki hrifinn af nútímaleikföngum og taldi að það versta sem foreldrar gerðu væri að fara út í búð og kaupa fullkomna dúkku með hreyfanlegum augum. Eins og fyrr segir var það skoðun hans að með því að gefa börnum hina fullkomnu dúkku væri maður að eyðileggja sköpunarhæfileika barnsins. Hann taldi hina einföldu dúkku vera mun meira skapandi, þar sem barnið gæti teiknað augu og munn með penna (Howard, 2004, bls. 39).

Árið sem skólinn var stofnaður, 1919 í Stuttgart, hannaði Steiner Waldorfdúkkuna. Það var mjög mikilvægt á tímum kreppuáranna í Evrópu og þó sérstaklega í Þýskalandi þar sem kreppan var mjög hörð (Paine, 2011-2015). Dúkkan var hönnuð á mjög einfaldan hátt og stuðlaði hún að börn þroskuðu heilbrigða vitund með skapandi leik og hugmyndaflugi. Hún var búin til úr náttúrulegum efnivið og var viðurkennd sem mikilvægt leikfang til að þroska ung börn (Nicol, 2010, bls. 32).

Upprunalega Waldorfdúkkan hafði ekki augu, munn eða nef í fyrstu, en síðar fékk hún einföld augu og munn og þannig er Waldorfdúkkan í dag. Dúkkurnar voru fyrir bæði kyn. Hin sanna Waldorfdúkka er enn hönnuð í dag og þá handgerð, oft gerð af foreldrum

heima eða í litlu magni af dúkkugerðarfólki. Notuð er lamsull til þess að fylla dúkkuna að innan til þess að hún verði hlý viðkomu þegar verið er að handleika hana og þá lifnar hún við í augum barnsins. Hún drekkur í sig lykt heimilisins og verður eins og einn af heimilisfólkinu (Paine, 2011-2015).



Mynd 4. Waldorfdúkka

#### 4.5 Umhverfið

Rudolf Steiner lagði mikla áherslu á að umhverfið sé skapandi og að bjóða ætti barninu upp á marga möguleika til þess að efla þroskapætti sína (Barnes, 1991, bls. 52). Skólalóðir í Waldorfskólum eru vel hannaðar og lögð er áhersla á að nemendur geti leikið sér úti við (Björnholt, 2014, bls. 119). Á leikskólanum ætti útisvæðið að vera eins náttúrulegt og hægt er. Ef aðstaða leyfir ætti meðal annars að bjóða upp á svæði þar sem börn geti klifrað í trjám, grafið í mold og hægt væri að rækta ávexti og grænmeti. Einnig ætti að rækta blóm sem gætu vaxið allt árið um kring. Börn væru mjög heppinn ef þau gætu byggt skála eða skjólshús úr viði, með hjálp kennara og foreldra (Nicol, 2010, bls. 36-37).

Hann hafði sterkar skoðanir á því hvernig skólahúsnæði ætti að vera að innan. Hann sagði að öll reynsla barnsins af umhverfinu hefði áhrif á sálina, andann og líkamann. Því ætti húsnæðið að vera málað mildum litum og gert eins heimilislegt og hægt væri, umhverfið ætti að vera fallett, með viðargólfum og tréhúsgögnum. Steiner lagði mikla áherslu á að allt sem tengdist námi barna í skólanum væri þýðingarmikið, gagnlegt og fallett (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 59-61). Kennslustofan þarf einnig að vera vel skipulögð til þess að nemendum gangi vel í námi og líði vel. Má þar nefna uppröðun húsgagna og kennslugagna (Edwards, 2002). Hann hafði einnig hugmyndir um hvernig myndir ættu að vera á veggjum skólans og hvernig fötum nemendurnir ættu að klæðast. Hann vildi að

fötin væru úr eins náttúrulegu efni og hægt væri, svo sem bómull (Uhrmacher, 1995, bls. 396).

Hér hefur verið fjallað um Waldorfaðferðir, áhrif þeirra á skólastarf, hugmyndir Steiner um kennslu og hvað hann lagði mesta áherslu á við kennslu barna. Eins og fram kom hafði hann sterka skoðun á því hvernig ætti að kenna lestur og sagði meðal annars að honum fyndist rangt að kenna lestur á undan skrift. Hann vildi að nemendur lærðu að teikna form fyrst og með tímanum myndu þeir læra lestur án þess að hafa fyrir því. Steiner taldi að allt í umhverfinu hefði áhrif á mótun barnsins og því skipti sköpum hvernig kennarinn hagaði kennslunni, hvaða námstæki hann notaði og hvernig hann kæmi fram við börnin. Þess vegna er allt sem tengist námi barna vel skipulagt í Waldorfskólum.

## **5. Waldorfskólar á Íslandi og gagnrýni á stefnuna**

Í þessum kafla verður fjallað um Waldorf leik- og grunnskóla á Íslandi. Síðan verður rætt um gagnrýni á stefnuna og hvers vegna skólarnir hafa notið svo mikilla vinsælda í heiminum.

### **5.1 Waldorfskólar á Íslandi**

Fyrsti Waldorfleikskóli á Íslandi var stofnaður árið 1990 í Lækjarbotnum sem er rétt fyrir utan Reykjavík. Stuttu síðar var stofnaður þar Waldorfgrunnskóli sem heitir Sólstafir. Nú eru á Íslandi tveir leikskólar og einn grunnskóli (Lilja Oddsdóttir, 1999, bls. 63). Grunnskólinn Sólstafir er starfræktur í grónu hverfi miðsvæðis í Reykjavík. Hann er sjálfstætt starfandi og var stofnaður þann 6. júní árið 1994. Í skólanum er kennt á öllum stigum og samkennsla tveggja árganga í senn og er skólinn fyrir nemendur frá 6 -16 ára. Leikskólarnir tveir heita Waldorfleikskólinn Sólstafir Höfn og Waldorfleikskólinn Sólstafir, þeir eru einnig starfræktir í Reykjavík (Waldorfskólinn Sólstafir, 2015).

## 5.2 Gagnrýni á Waldorfstefnuna

Það eru yfir hundrað ár síðan Rudolf Steiner kom fram með menntunarfræðihugmyndir sínar (Hrafnhildur Eiðsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2013, bls. 3). Waldorfstefnan hefur vakið miklar vinsældir út um allan heim og sést það best á því hversu Steinerskólar hafa sprottið upp út um allan heim. Því er erfitt að gagnrýna stefnu skólans (Myhre, 2001, bls. 188).

Í Bandaríkjunum hefur Waldorfstefnan fengið jákvæða dóma í tímaritum og dagblöðum eins og til dæmis í tímaritinu *Atlantic Monthly feature story*. Waldorfmenntun hefur fengið mikla athygli á undanförunum árum. Henni er lýst sem einstakri blöndu af framsæknum og hefðbundnum kennsluaðferðum. Tímarit og dagblöð hafa einnig skrifað jákvætt um Waldorfnálgun. En Waldorfskólar hafa einnig sætt gagnrýni þar sem talið er að trúarbrögð séu inn í öllu námi barna og er þar átt við mannspekina með áherslum sínum á líf eftir dauðann og endurholdgun. Waldorfkennarar halda því fram að þeir gæti þess að kenna ekkert sem gæti tengst trúarbrögðum og að mannspeki sé ekki kennd í skólunum, en það eru ekki allir á sama máli. Þeir segjast virða hugmyndir Rudolfs Steiner þó langt sé síðan hann setti þær fram, en sjá ekki nauðsyn þess að fylgja þeim í einu og öllu (Ruenzel, 2001, bls. 38-43).

Gagnrýnendur og efasemdarmenn hafa gagnrýnt hugmyndir Steiner um það hvenær eigi að byrja kenna lestur og halda því fram að börn séu fyrr tilbúin, en hann taldi og hafa sagt í gríni að börn lesi ekki með tönnunum (Steiner, 1984, bls. 290).

Rannsóknir hafa verið gerðar á hugmyndafræði Waldorfstefnunnar um kennslu. Niðurstöður benda til þess að hún ýti undir sköpunarkraft, ímyndunarafli og að hún auki sjálfstraust nemenda. Hún er einnig talin hafa góð áhrif á tilfinningaþroska og félagslega færni barna (Hrafnhildur Eiðsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir, 2013, bls. 4).



## Samantekt

Eins og hér hefur komið fram var Rudolf Steiner mikill heimspekingur og hélt fyrirlestra víðsvegar um heim um skoðanir sínar á lífinu sjálfu. Hann fékk hugmyndir sínar um kennslu út frá mannspekihreyfingunni sem hann var frumkvöðull að og frá þeim spratt upp fyrsti Waldorfskólinn í Stuttgart árið 1919. Waldorfskólafélagið naut fljótt mikilla vinsælda víðsvegar um heim og skömmu eftir dauða Steiners 1925 var stofnaður fyrsti Waldorfleikskólinn eða árið 1926. Waldorffélagið felst í því að þroska með nemendum sköpunarkraft, sjálfstæði og hjartahlýju. Steiner lagði mikla áherslu á að kennarar mæti nemendum þar sem þeir eru staddir á þroskabrautinni og leiðbeini þeim áfram. Hann hafði sterkar skoðanir á því hvernig námskráin ætti að vera og á hlutverki kennarans.

Rudolf Steiner hafði mikinn áhuga á fyrstu sjö árum í líf barna. Hann sagði meðal annars um þroska barna að þau þróist í gegnum þrjú stig, sem varir hvert um sig í sjö ár. Hann hafði ákveðna hugmynd hvernig kennslu ætti að vera háttað á hverju stigi, sem dæmi ætti ekki að kenna nemendum lestur fyrr en þeir næðu sjö ára aldri. Hugmyndir hans um lestrarkennslu er einstök á þann hátt að hann vildi að nemendur myndu kynnst formum á listrænan hátt áður en þau lærðu að lesa til þess að auðvelda námið.

Steiner hafði ákveðnar skoðanir á því hvernig kennsluhúsnæðið ætti að vera og námstækin. Hann sagði að áhrif umhverfisins á barnið hefðu áhrif á líf þess alla ævi. Hönnun hans á Waldorfdúkkunni er dæmi um hvernig hann taldi best að viðhalda og örva sköpunarhæfileika barna. Í nútíma samfélagi eru hinar svokölluðu fullkomnu dúkkur í öllum leikfangaverslunum og erfitt er að fá hina einu sönnu Waldorfdúkkuna. Höfundur þessara ritgerðar er sjálf hrifnari af Waldorfvíðarkubbum og möguleikum til sköpunar með þeim.

## Lokaorð

Í þessu verkefni hef ég leitast við að komast að því hver Rudolf Steiner var, hvernig hugmyndir hans um kennslu mótuðust og hvar hann fékk hugmyndir sínar um kennslu. Jafnframt hef ég reynt að svara spurningunni um hvað Waldorfstefna er og hvers vegna hún varð svona vinsæl út um allan heim.

Telja má að Rudolf Steiner hafi verið snillingur á sínu sviði. Hann var heimspekingur og naut mikilla vinsælda á sínum tíma, var mikill fræðimaður og gat haldið fyrirlestra um allt milli himins og jarðar. Mannspekihugmyndir hans höfðu áhrif á sýn hans til uppeldis. Hann varð fyrir dulrænni upplifun á barnsaldri sem hafði mikil áhrif á lífssýn hans. Hann var frumkvöðull að mannspekistefnunni sem er kölluð svo á Íslandi. Kenningar Rudolfs Steiner um Waldorfskólann byggjast að mörgu leyti á hugmyndum hans um mannspeki, eða það að hugsa um anda, sál og líkama sem eina heild.

Fljótlega eftir að fyrsti skólinn var stofnaður spruttu upp Waldorfskólar og leikskólar í öllum heiminum. Ástæður fyrir því að Waldorfstefnan hefur fengið svona góðar móttökur víðsvegar út um allan heim eru margar, má þar nefna að ekki eru notuð stöðluð próf í skólunum heldur er unnið með verkefni á markvissan hátt. Þau taka mislangan tíma, frá nokkrum dögum upp í margar vikur. Engar hefðbundnar skólabækur eru notaðar og nemendur búa til sínar eigin skólabækur.

Vonandi eiga Waldorf leik- og grunnskólar eftir að dafna hér á landi í framtíðinni þar sem stefnan hefur upp á svo margt að bjóða. Þar má nefna hlutverk kennarans þar sem hann fylgir nemendum sínum fyrstu árin, en það hefur góð áhrif á líðan og sjálfstraust nemenda. Það var mjög áhugavert og fræðandi að vinna þetta verkefni. Hef ég öðlast þekkingu á hugmyndum á bak við Waldorfstefnuna og áherslum hennar á kennslu og þá sérstaklega lestrarkennslu, þar sem hún er einstök og ólík hefðbundinni íslenskri lestrarkennslu.

## Heimildaskrá

- Barnes, H. (1991). Intergrating the Curriculum. Learning that grows with the learner: An Introduction to waldorf Education. *Educational Leadership*, 49(2), 52-54. Sótt af [http://www.ascd.org/ASCD/pdf/journals/ed\\_lead/el\\_199110\\_barnes.pdf](http://www.ascd.org/ASCD/pdf/journals/ed_lead/el_199110_barnes.pdf)
- Björnholt, M. (2014). Room of thinking - The spatial dimension of Waldorf education. *Research on Steiner Education*, 5(1), 115-130 sótt af <http://www.rosejournal.com/index.php/rose/article/viewFile/190/201>
- Edwards, C, P. (2002). Three approaches from Europe: Waldorf, Montessori, and Reggio Emilia. *Early Childhood Research & Practice*, 4(1). University of Nebraska at Lincoln. Sótt af <http://www.Ecrp.uiuc.edu/v4n1/edwards.html>
- Howard, S. (2004). *On the Play of the Child*. Waldorf Early Childhood Association of North America.
- Hrafnhildur Eiðsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2013). Sköpunarkraftur og sköpunarferli í skólastarfi. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2013/fagid\\_og\\_fraedin/004.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2013/fagid_og_fraedin/004.pdf)
- Jónína Michaelsdóttir. (1990). *Mér leggst eitthvað til: Sagan af Sesselju Sigmundsdóttir og Sólheimum*. Styrktarsjóður Sólheima.
- Lilja Oddsdóttir. (1999). Listin að kenna. Uppeldisfræði Rudolfs Steiners - Waldorf leikskóli og grunnskóli. *Glæður*, 2(9), 57-6.
- Myhre, R. (2001). *Stefnur og straumar í uppeldissögu*. (Bjarni Bjarnason þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Nicol, J. (2010). *Bringing the Steiner Waldorf approach to your early years practice* (2. útgáfa). London: Routledge.
- Nicol, J. og Taplin, J. T. (2012). *Understanding the Steiner Waldorf approach: Early years education in practice*. London: Routledge.
- Nordlund, C. (2013). Waldorf Education: Breathing Creativity. *Art Education*, 66(2), 13-19. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/1355013971/fulltext/A563E14C85554831PQ/1?accountid=28822>

Paine, S. (2011-2015). Hugger-Mugger Dolls: The history of the little Waldorfdoll. Sótt af <http://www.huggermuggerdolls.com/waldorf-magic.html>

Ruenzel, D. (2001, 20. Júní). The spirit of Waldorf education. *Education Week*, 20(40), 38-45. Sótt af [https://steiner.presswarehouse.com/sites/steiner/research/archive/spirit\\_of\\_the\\_waldorf\\_school/spirit\\_of\\_the\\_waldorf\\_school.pdf](https://steiner.presswarehouse.com/sites/steiner/research/archive/spirit_of_the_waldorf_school/spirit_of_the_waldorf_school.pdf)

Steiner, R. (1976). *Practical advice to teachers* (Johanna Collis þýddi). London: Rudolf Steiner Press.

Steiner, R. (1984). *The essential Steiner: basic writings of Rudolf Steiner* (Robert A. Mcdermott þýddi). San Francisco: Harper and Row.

Steiner, R. (1988). *The child's changing consciousness and Waldorf education* (Roland Everett þýddi). London: Rudolf Steiner Press.

Uhrmacher, P. B. (1995). Uncommon schooling: A historical look at Rudolf Steiner, Anthroposophy and Waldorf Education. *Curriculum Inquiry*, 25(4), 381-406. Sótt af <http://www.jstor.org/discover/10.2307/1180016?sid=21106316452363&uid=2&uid=4&uid=3738288>

Waldorfskólinn Lækjarbotnum. (1990). Stefna skólans. Sótt af <http://www.vefsmidjan.is/waldorf/skoli.aspx>

## **Myndheimildir**

Mynd nr. 1: Rudolf Steiner (1861-1925). Sótt af <http://www.rsarchive.org/RSBio.php>

Mynd nr. 2: Goetheanum-byggingin. Sótt af <http://www.goetheanum.org>

Mynd nr. 3: Bókstafurinn F. Mynd tekin upp úr bókinni: *Practical advice to teachers* eftir Rudolf Steiner.

Mynd nr. 4: Mynd af Waldorfdúkkum. Sótt af <http://blog.bellalunatoys.com/2010/waldorf-dolls.html>